

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Umsögn eingöngu send í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda.

Reykjavík, 20. ágúst 2026

Efni: Umsögn um áætlun um innleiðingu EES-gerða á fjármálamarkaði - mál nr. S-100/2026

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) þakka tækifærið til að veita áætlun um innleiðingu EES gerða á fjármálamarkaði (Mál nr. S-100/2026) umsögn. Samtökin fagna því að birtur sé opinberlega listi yfir mál sem skilgreind hafa verið sem forgangsmál varðandi innleiðingar í íslenskan rétt á fjármálamarkaði. **SFF telja birtingu slíks forgangslista jákvætt skref í átt að auknu gagnsæi og fyrirsjáanleika við innleiðingu.** Með því að gera hagaðilum kleift að sjá með skýrum hætti hvaða mál eru fram undan og hvernig þeim er forgangsraðað skapast betri forsendur fyrir tímanlegum undirbúningi við innleiðingu allra hagaðila og vönduðu samráði. **Samtökin fagna því framtaki ráðuneytisins að hafa birt slíka áætlun undanfarin ár og telja mikilvægt að þeirri framkvæmd verði haldið áfram.** SFF telja fylgiskjal forgangslistans jafnframt upplýsandi og lýsa ánægju með þá vinnu sem þar liggur að baki.

Mikilvægt er að innlend fjármálafyrirtæki búi við þannig starfsskilyrði að fyrirtækin séu samkeppnishæf í alþjóðlegu umhverfi. Bent hefur verið ítrekað á að fjármálafyrirtæki hérlandis búi við ýmsar íþyngjandi kröfur og álögur sem eru töluvert umfram það sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Telja SFF mikilvægt að þau sjónarmið séu ávallt höfð í huga þegar evrópskt regluverk er innleitt hérlandis, **ekki sé gengið lengra en þörf krefur** og að samkeppnishæfni Íslands sé í forgrunni.

SFF leggja áherslu á að þrátt fyrir að vilji sé til þess að starfa eftir ramma evrópskrar fjármálalöggjafar í gegnum EES-samninginn telja SFF nauðsynlegt að horfast í augu við þá umfjöllun sem átt hefur sér stað um einföldun regluverks á fjármálamarkaði síðustu misseri, bæði hér á landi og í Evrópu. **Flókið, umfangsmikið og þungt regluverk getur dregið úr samkeppnishæfni, nýsköpun, sameiginlegum skilningi og skilvirkni, án þess endilega að auka fjármálastöðugleika eða aðra verndarhagsmuni.** Reglur mega ekki vera það flóknar og umfangsmiklar að því flækjustigi fylgi áhætta ein og sér. Á sama tíma er ljóst að skýrar og samræmdar leikreglur eru nauðsynlegur þáttur fyrir traust og heilbrigði fjármálamarkaðar. **Áskorunin felst því ekki í því hvort regluverks sé þarfnast, heldur hvernig það er hannað, innleitt og einfaldað.**

Heildarumfang regluverksins hefur náð áður óþekktum hæðum. Dæmi eru um úttektir sem hafa leitt í ljós að regluverkið samanstandi af um um 95.500 blaðsíðum. **Þar eru tækifæri til einföldunar¹** og mikilvægt er að horfa **til smæðar Íslands og ganga ekki lengra í innleiðingu löggjafar hérlandis en nauðsyn krefur.** Skiptir þar miklu máli að leitast verði við að nýta þau tækifæri sem gefast til að afnema blýhúðun (gullhúðun) í löggjöf sem gildir um íslenskan

¹ Hefur þessi umræða m.a. verið sett í samhengi í skýrslum Enrico Letta og Mario Draghi.

fjármálaþjónustumarkað og hafa SFF bent á ýmsa þætti þar sem finna má tækifæri til einföldunar með því að afnema séríslenskar reglur á fjármálamarkaði og gæta meðalhófs.

Um leið er mikilvægt að huga að vandaðri og tímanlegri innleiðingu EES-tilskipana og reglugerða er lúta að fjármálastarfsemi. Innleiðingarhalli er almennt óheppilegur og mikilvægt að á honum séu haldbærar skýringar líkt og ráðuneytið setur fram í fylgiskjali með áætluninni. **SFF telja að í þessu samhengi sé mikilvægt að setja í forgang að vinna hratt og vel að þeim reglum sem fela í sér einföldun regluverks á fjármálamarkaði.** Í ljósi framangreinds benda SFF á að stjórnvöld beiti sér fyrir því að EU Listing Act færist úr 2. forgangi í 1. forgang eins fljótt og mögulegt er og að engar frekari tafir verði á innleiðingu hvað þá löggjöf varðar.

- Til nánari skýringar felast umfangsmiklar breytingar í skráningarpakka ESB (EU Listing Act), einkum á lýsingar- og markaðssvikaregluverki (MAR) og er því nauðsynlegt að innleiðing pakkans í íslenskan rétt verði sett í forgang. **Breytingarnar fela m.a. í sér verulega einföldun á upplýsingagjöf útgefenda, aukinn sveigjanleika við meðferð tiltekinna upplýsinga og fleiri þætti sem ættu að hafa jákvæð áhrif á starfsemi fjármálafyrirtækja og skilvirkni verðbréfamarkaða.**
- Sú staða að reglurnar hafi þegar verið einfaldaðar annars staðar **skapar skekkju hvað varðar samkeppnishæfni hérlandra aðila samanborið við þau lönd sem búa nú við einfaldari reglur.** Með hliðsjón af framangreindu er mikilvægt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að upptöku Listing Act í EES-samninginn og innleiðingu í íslenskan rétt verði flýtt eins og mögulegt er. **SFF leggja því til að innleiðingu skráningarpakkans verði skipað eins framarlega í forgangsörð innleiðingaráætlunarinnar og mögulegt er svo stuðla megi að samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar.**

SFF leggja áfram áherslu á gott og uppbyggilegt samstarf við ráðuneytið þegar kemur að innleiðingum á þessu sviði. Einnig leggja SFF áherslu á að hagaðilar verði upplýstir tímanlega um fyrirsjáanlegar breytingar á löggjöf og þegar von er á nýrri löggjöf, þannig að fullnægjandi svigrúm gefist til aðlögunar. **Áframhaldandi samtal við markaðinn er því mikilvægt og lýsa SFF sig sem fyrr reiðubúin til þess að taka þátt í slíku samtali við stjórnvöld í tengslum við innleiðingu löggjafar á fjármálamarkaði.**

**Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu,**



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur SFF